

Ed.

530. Nefndarátt

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 35, 15. júní 1926, og lögum nr. 52, 28. nóv. 1919 [Ritsima- og talsímakerfi].

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og átt tal um það við landssímastjóra, sem fyrir sitt leyti hefir ekkert sjerlegt að athuga við það.

Enda þótt nefndinni sje ljóst, að þær línur, sem taldar ern i frv., verði ekki allar lagðar samtímis nú á næstu árum, heldur smátt og smátt, eftir því, sem efni og ástæður leyfa, þá sjer nefndin ekkert athugavert við það, að taka þær upp í símalögin, og leggur því til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

Aftan við 1. gr. bætist: Lína frá Arnarstapa í Breiðavíkurbreppi um Saxhól að Hjallasandi. Lína frá Skálanesi við Seyðisfjörð að Dalatanga. Lína frá Breiðavík við Reyðarfjörð um Víkurheiði að Krossanesi. Lína frá Siglufirði að Siglunesi. Lína frá Egilsstöðum á Völlum um Ekkjufell að Birnufelli.

Alþingi, 3. maí 1929.

Páll Hermannsson,
form.

H. Steinsson,
skrifari og frsm.

Ingvar Pálmason.